

## GJALDSKRÁ

**vegna kattahalds í Borgarfjarðarhreppi.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda kött í Borgarfjarðarhreppi, sbr. staflíð b, 2. gr. samþykktar nr. 361/1998 um kattahald í Borgarfjarðarhreppi, skal vera kr. 6.000 á ári fyrir hvern kött. Ormahreinsun kattanna er innifalin í gjaldinu.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps, 20. febrúar 2006, sbr. 25. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi kattagjaldskrá í Borgarfjarðarhreppi dagsett 12. nóvember 1998.

*Borgarfirði, 23. febrúar 2006.*

**Magnús Þorsteinsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2006